**Umhverfis- og skipulagsráð**

**b.t. Guðlaugur H. Sigurjónsson**

**Tjarnargötu 12**

**230 Reykjanesbær**

*Efni : Ósk um uppsetningu LED-ljósaskiltis á Baldursgötu 14, Keflavík*



Knattspyrnudeild Keflavíkur kt. 541094-3269, hefur samið við Fjölskylduhjálp Íslands um að fá að setja upp LED ljósaskilti á húsnæði Fjölskylduhjálpar við Baldursgötu 14, Keflavík, þar sem nú er staðsett flettiskilti, að því gefnu að heimild fáist frá Reykjanesbæ.

Um er að ræða nýjan lið í fjáröflun knattspyrnu-deildarinnar og getur orðið félaginu afar mikilvægt til lengri tíma litið. Gert er ráð fyrir að hið nýja skilti verði jafn stórt og núverandi flettiskilti og mun deildin tryggja að öllum skilyrðum verði fylgt í hvívetna, m.a. um birtustig, fjölda skiptinga o.fl. sem kann að koma til álita.

Samhliða erindi þessu sendir deildin erindi um uppsetningu skilta á nokkrum öðrum stöðum í bænum.

Reykjanesbæ 31.mars 2023

Böðvar Jónsson

Fh.Knattspyrnudeildar Keflavíkur

Böðvar Jónsson, formaður

**Umhverfis- og skipulagsráð**

**b.t. Guðlaugur H. Sigurjónsson**

**Tjarnargötu 12**

**230 Reykjanesbær**

*Efni : Ósk um uppsetningu LED-ljósaskiltis á auglýsingaklukku við gatnamót Hafnargötu og Aðalgötu*




Knattspyrnudeild Keflavíkur kt. 541094-3269, hefur samið við Kiwanis hreyfinguna í Reykjanesbæ um að fá að nota auglýsingafleti á klukkunni sem staðsett er á hringtorgi við gatnamót Hafnargötu og Aðalgötu og setja þar upp LED ljósaskilti, að því gefnu að heimild fáist frá Reykjanesbæ.

Um er að ræða nýjan lið í fjáröflun knattspyrnu-deildarinnar og getur orðið félaginu afar mikilvægt til lengri tíma litið. Gert er ráð fyrir að hin nýju LED skilti fylli inn í þá fleti sem áður voru notaðir undir auglýsingar og mun deildin tryggja að öllum skilyrðum verði fylgt í hvívetna, m.a. um birtustig, fjölda skiptinga o.fl. sem kann að koma til álita.

Samhliða erindi þessu sendir deildin erindi um uppsetningu skilta á nokkrum öðrum stöðum í bænum.

Reykjanesbæ 31.mars 2023

Fh.Knattspyrnudeildar Keflavíkur

Böðvar Jónsson, formaður